

Stúdentspróf af list- og starfsnámsbrautum (VSS og VSS 2)

Nemendur sem ljúka skilgreindu starfsnámi á framhaldsskólastigi eiga kost á að ljúka viðbótarnámi til undirbúnings námi á háskólastigi. Slíku námi lýkur með stúdentsprófi. Nemendur sem lokið hafa námi og áskilinni starfsþjálfun á þriggja og fjögurra ára starfsnámsbrautum, þ.e. iðnnámsbrautum, upplýsinga- og fjölmiðlabraut, listnámsbraut og tölvubraut í Tækniskólanum, geta farið eftirfarandi leið til stúdentsprófs:

Íslenska.....	ÍSL 102 202 212 303 403 503	15 ein.
Enska.....	ENS 102 202 212 303 403.....	12 ein.
Stærðfræði.....	STÆ 102 122 202	6 ein.

Fyrri nám í þessum greinum er meðtalið

33 ein.

Til viðbótar við fyrri nám á brautinni þarf 12 einingar í tungumálum, náttúrufræðigreinum og stærðfræði eða samfélagsgreinum. Fyrri nám í þeim námsgreinum sem valdar eru kemur ekki til frádráttar. Miða skal við að nám í grein verði ekki minna en 9 einingar samtals. Stærðfræði er þó undanþegin 9 eininga reglunni.

Nemendur sem lokið hafa námi af tveggja ára starfsbrautum, þ.e. hönnunarbraut (IH) og tækniteiknun (TT) í Tækniskólanum, og nemendur sem hafa lokið grunn- og sérnámi upplýsinga- og fjölmiðlagreina, geta farið eftirfarandi leið til stúdentsprófs:

Íslenska.....	ÍSL 102 202 212 303 403 503	15 ein.
Enska.....	ENS 102 202 212 303 403 503*	15 ein.
Stærðfræði.....	STÆ 102 122 202	6 ein.
Sagnfræði.....	SAG 103 203.....	6 ein.
NÁT/EFN/EDL.....	NÁT/EFN/EDL	9 ein.
Íþróttir	ÍPR 101 201 301 401 501 601 701	7 ein.

Fyrri nám í þessum greinum er meðtalið

59 ein.

Einnig skulu nemendur bæta við sig námi í 3ja máli eða stærðfræði 12 ein.
og samfélagsgreinum eða náttúrufræðigreinum eða íþróttagreinum*. 15 ein.

Samtals

27 ein.

Samtals

86 ein.

Fyrri nám í þessum greinum kemur ekki til frádráttar. Miða skal við að nám í grein verði ekki minna en 9 einingar samtals. Saga og stærðfræði eru þó undanskildar 9 eininga reglunni.

* Nægilega margir áfangar eru ekki í boði til að ljúka tilskildum einingafjölda.